

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. mars 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-66/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á notaðri sjálfskiptingu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 27. ágúst. Með bréfi, dags. 29. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 17. september. Með bréfi, dags. 24. september, var seljandi gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum. Með bréfi, dags. 26. september, tilkynnti seljandi að hann hygðist ekki koma að frekari andsvörum. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 24. febrúar, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að í febrúar 2013 keypti álitsbeiðandi notaða sjálfskiptingu af seljanda fyrir kr. 300.000. Sjálfskiptinguna keypti álitsbeiðandi í þeim tilgangi að láta setja hana í bifreið sína, MN-604, en bifreiðin er af gerðinni MMC Pajero, árgerð 2006. Var sjálfskiptingin sett í bifreið álitsbeiðanda af þriðja aðila. Fyrir þá þjónustu greiddi álitsbeiðandi kr. 187.201. Hinn 10. apríl 2013, eftir að skipt hafði verið um sjálfskiptinguna, seldi álitsbeiðandi bifreiðina. Skömmu eftir söluna kom í ljós að sjálfskiptingin var ekki í lagi. Fór að bera á því að sjálfskiptingin færi á yfirsúning eftir stuttan akstur og voru afleiðingar þess þær að bifreiðin varð óökufær. Að mati verkstæðis þess er sá um að setja sjálfskiptinguna í, var hún haldin galla. Hinn 7. júlí sl. sendi álitsbeiðandi seljanda kröfubréf og fór fram á að seljandi endurgreiddi sér kaupverð sjálfskiptingarinnar og jafnframt að seljandi greiddi þann kostnað sem hlaut af því að þurfa að setja ónothæfa sjálfskiptingu í bifreiðina. Var sú krafa rökstudd með vísan til ákvæða 2. mgr. 15. gr., 16. gr., 33. gr. og 52. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Með bréfi, dags. 12. júlí, hafnaði seljandi bótaskyldu vegna ísetningar sjálfskiptingarinnar, en bauðst hins vegar til að endurgreiða kaupverð hinnar biluðu sjálfskiptingar, kr. 300.000. Var rökstuðningur seljanda m.a. sá að umrædd bifreið hefði verið breytt, sjálfskiptingin hefði verið í lagi við afhendingu, tímafrestur til að skila sjálfskiptingunni hefði verið 10 dagar auk þess að skv. sölureikningi væri seljanda ekki skylt að bæta verkstæðiskostnað vegna viðgerða og/eða skipta á varahlutum.

Álitsbeiðandi telur að röksemdir seljanda standist ekki skoðun. Í fyrsta lagi hafi engu máli skipt þó bifreið hans hafi verið breytt jeppabifreið. Bifreiðin sé breytt fyrir 35 tommu dekk. Við hefðbundnar breytingar á bifreiðum sé ekkert átt við sjálfskiptingar þeirra heldur séu upprunalegar skiptingar notaðar. Við mikla notkun breyttrar bifreiðar við erfiðar aðstæður sé mögulegt að það hafi áhrif á endingartíma sjálfskiptinga þeirra. Í umræddu máli sé atvikum hinsvegar svo hátt að sú sjálfskipting sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hafi komið úr

óbreyttri bifreið sem hefði öllu jafna átt að þýða að sjálfskiptingin væri í góðu lagi. Þá telur álitsbeiðandi útilokað að umrædd sjálfskipting hafi verið í lagi þegar hún var sett í bifreið hans. Sjálfskiptingin hafi verið sett í bifreiðina af viðurkenndu þjónustuverkstæði fyrir bifreiðar af sömu tegund og bifreið álitsbeiðanda. Þá hafi aðeins liðið fáeinir dagar frá því að sjálfskiptingin var sett í og þar til hún bilaði. Þótt um hafi verið að ræða notaða sjálfskiptingu hafi álitsbeiðandi mátt búast við því að hún dygði í einhvern tíma eftir kaupin. Þá telur álitsbeiðandi að ákvæði á sölureikningi seljanda um 10 daga frest til að skila söluhlut samræmist ekki 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 187.201 vegna útlagðs kostnaðar í tengslum við ísetningu sjálfskiptingarinnar. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kröfubréfi álitsbeiðanda til seljanda, dags. 7. júlí sl., afrit af svari seljanda við kröfubréfinu, dags. 12. júlí og afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að hinn 26. febrúar 2013 hafi einkahlutafélag sem rekur verkstæði keypt notaða sjálfskiptingu af seljanda úr 2005 árgerð af MMC Pajero jeppa. Sjálfskiptingin hafi verið afhent umræddu einkahlutafélagi sem sé í reikningsviðskiptum við seljanda. Degi síðar, eða hinn 27. febrúar, hafi einkahlutafélagið óskað eftir því að reikningurinn yrði bakfærður og nýr reikningur gerður á álitsbeiðanda þar sem álitsbeiðandi hafi óskað eftir því að ganga sjálfur frá greiðslu til seljanda. Álitsbeiðandi hafi síðan gengið frá greiðslu sama dag og reikningurinn var gefinn út. Á reikningi seljanda komi fram að skilafrestur sé 10 virkir dagar og að seljandi bæti aldrei verkstæðiskostnað vegna viðgerða og/eða skipta á varahlutum. Hinn 7. júlí sl. hafi álitsbeiðandi tilkynnt seljanda, bréfleiðis, að hann teldi sjálfskiptinguna haldna galla og gerði kröfu um að kaupverð hennar yrði endurgreitt og að seljandi greiddi sér kr. 187.201 vegna kostnaðar við ísetningu sjálfskiptingarinnar. Seljandi segist, umfram skyldu og án þess að fallast á að um galla væri að ræða, hafa samþykkt að endurgreiða sjálfskiptinguna með bréfi, dags. 12. júní. Hinn 12. júlí hafi álitsbeiðandi sent tölvupóst, vísað þar til fyrri samskipta og óskað eftir því að fá kaupverð sjálfskiptingarinnar endurgreitt. Hinn 15. júlí segist seljandi hafa svarað álitsbeiðanda og óskað eftir því að hann staðfesti að hann væri sáttur við þau málalok og að ekki yrði um frekari kröfur að ræða af hans hálfu eftir endurgreiðslu kaupverðs. Segir álitsbeiðandi að hinn 16. júlí hafi álitsbeiðandi hafi, með tölvupósti, staðfest að um fullnaðaruppgjör væri að ræða og að hann myndi ekki gera frekari kröfur hverju nafni sem þær nefndust vegna viðskiptanna eða vegna sjálfskiptingarinnar, með því skilyrði að sjálfskiptingin yrði endurgreidd innan viku. Sama dag endurgreiddi seljandi álitsbeiðanda kr. 300.000. Hinn 17. júlí sendi álitsbeiðandi seljanda aftur tölvupóst þar sem hann fór ófögurum orðum um viðskiptahætti seljanda þar sem hann taldi sig m.a. eiga rétt á skaðabótum vegna viðskipta sinna við seljanda. Ítrekaði hann í sama tölvupósti kröfu sína um að seljandi greiddi sér kr. 187.201 og að ef ekki yrði orðið við því myndi hann grípa til frekari aðgerða gegn seljanda.

Seljandi rekur að hann sé fyrirtæki sem versli með notaða varahluti. Á vefsíðu fyrirtækisins komi fram að starfsemin sé gæðavottuð af viðurkenndum aðila fyrir BÍlgreinasamband Íslands. Í gæðavottuninni felist m.a. að tryggður sé rekjanleiki allra varahluta og að samræmis sé gætt í ástandsmati þeirra. Seljandi rekur að sjálfskipting sú er um er deilt í málinu hafi komið úr óbreyttri jeppabifreið sem ekið hafi verið 130.000 km. Þá tekur álitsbeiðandi fram að verkstæði það er framkvæmd í setningu skiptingarinnar og hafði milligöngu um kaup hennar hafi viðurkennt að skiptingin væri nothæf. Rekur seljandi því næst að verðlagning notaðra varahluta hjá sér miði almennt við 35% til 50% af verði nýs hlutar hjá umboði en í sumum tilvikum sé þó miðað við viðgerðarkostnað. Segir seljandi að

samkvæmt viðurkenndum aðila sé viðgerðarkostnaður á sjálfskiptingu sömu gerðar og deilt sé um í málinu á bilinu kr. 630.000 til kr. 930.000. Ný sjálfskipting kosti skv. upplýsingum frá umboði kr. 1.300.000 til kr. 1.500.000.

Seljandi bendir á að sjálfskiptingin hafi verið sett í breytta jeppabifreið en breyttar jeppabifreiðir séu almennt notaðar til að aka torfærar slóðir og vegaleysur, í þungu færi í snjó eða á jöklum. Slíkar breytingar og akstur við þannig aðstæður auki allt álag á drif- og vélbúnað slíkra bifreiða. Akstur og notkun breyttra jeppabifreiða séu ekki í samræmi við þá notkun sem framleiðendur þeirra ætla þær til og það sama gildi um sjálfskiptingar slíkra bifreiða. Telur seljandi að öfugt við það sem álitsbeiðandi haldi fram um endingartíma sjálfskiptinga í óbreyttum og breyttum bifreiðum ætti að vera ljóst að sjálfskipting í óbreyttri bifreið hafi ekki þurft að þola sama álag og sjálfskipting í breyttri bifreið. Rekur seljandi næst að einkahlutafélag það er framkvæmdi útskiptin á sjálfskiptingunni hafi fullyrt að hún hafi verið nothæf þegar hún var seld álitsbeiðanda hinn 27. febrúar. Álitsbeiðandi hafi síðan selt bifreiðina 10. apríl í ökuhæfu ástandi. Það hafi ekki verið fyrr en 7. júní, rúmlega þremur mánuðum síðar og tveimur mánuðum eftir að bifreiðin var seld sem seljandi hafi verið tilkynnt að sjálfskiptingin væri ónothæf þó svo að ljóst sé að hún var nothæf í þrjá mánuði. Seljandi bendir á að nýr eigandi bifreiðarinnar sé ungur að árum og að það sé viðurkennt og endurspeglast m.a. í tryggingakjörum að ungir og óreyndir ökumenn hafi ekki sömu þekkingu og reynslu og eldri og reyndari ökumenn. Eigi það sérstaklega við um akstur við erfðar aðstæður á breyttum torfærutækjum þar sem lítið megi útaf bregði til að eitthvað brotni eða bili.

Seljandi segir að ekki sé hægt að gera sömu kröfur við kaup á notuðum varahlut og nýjum. Söluaðili notaðra varahluta geti ekki tekið ábyrgð á ástandi þeirra líkt og um nýjan hlut væri að ræða. Þá þyrfti sú ábyrgð að endurspeglast í verðlagningu þeirra og slík ábyrgð myndi gera verslun með notaða varahluti ómögulega. Seljandi hafi hins vegar markað sér þá gæðastefnu að bjóða endurgreiðslu reynist seldur varahlutur ónothæfur og ekki sé unnt að skaffa annan sambærilegan hlut í staðinn. Bendir seljandi á að kaupum á notuðum varahlutum fylgi áhætta og sú áhætta endurspeglast í verði slíkra hluta. Að lokum mótmælir seljandi öllum ásökunum álitsbeiðanda á hendur sér, auk þess sem seljandi mótmælir öllum kröfum álitsbeiðanda. Meðfylgjandi andsvörum seljanda er afrit af reikningum, afrit af bréfasamskiptum aðila, afrit af millifærslum vegna kaupanna og útskrift úr ökutækjaskrá.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda vísar álitsbeiðandi til þess að verkstæðið sem framkvæmdi ísetningu sjálfskiptingarinnar hafi staðfest að bifreiðinni hafi aðeins verið ekið um 500 km. eftir ísetninguna og þar til sjálfskiptingin bilaði. Í kjölfarið hafi bifreiðin staðið nokkuð lengi á verkstæðinu á meðan seljandi reyndi árangurslaust að útvega aðra nothæfa sjálfskiptingu. Telur álitsbeiðandi að það að sjálfskipting endist ekki nema í um 500 km. akstur hljóti að teljast óeðlilega stuttur tími og ekki í samræmi við fullyrðingar seljanda um að sjálfskipting úr óbreyttri bifreið sé betri en úr breyttri bifreið. Þá tekur álitsbeiðandi fram að verkstæðið sem framkvæmdi ísetninguna hafi ekki gert sjálfstæða athugun á því hvort sjálfskiptingin væri í lagi. Hins vegar hafi sá aðili skipt um olú á sjálfskiptingunni. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda var afrit af stuttri greinargerð frá verkstæðinu sem framkvæmdi ísetningu sjálfskiptingarinnar, dags. 16. september sl. Þar kemur fram að bifreiðinni hafði aðeins verið ekið 478 km. frá ísetningu sjálfskiptingarinnar og þar til hún bilaði.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup en seljandi gaf út reikning til álitsbeiðanda, dags. 27. febrúar 2013 fyrir kaupum á sjálfskiptingu þeirri er deilt erum í málinu. Fellur því ágreiningur aðila undir fyrrnefnd lög um neytendakaup, en ekki undir lög um lausafjárkaup líkt og hefði verið staðan ef kaupin á sjálfskiptingunni hefðu farið fram fyrir milligöngu þess aðila er framkvæmdi ísetninguna á sjálfskiptingunni. Svo sem greinir í 3. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eru lögin, ólíkt lögum um lausafjárkaup, ófrávíkjanleg. Er því ekki heimilt að semja um, eða bera fyrir sig kjör, sem eru neytenda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum, t.a.m. hvað varðar tímafresti til að bera fyrir sig galla, eða til að hafa uppi kröfur um bætur vegna fjártjóns í tengslum við galla.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi notaða sjálfskiptingu hinn 27. febrúar 2013 af seljanda fyrir kr. 300.000. Var sjálfskiptingin sett í bifreið hans af verkstæðinu Z. Hinn 10. apríl 2013 seldi álitsbeiðandi bifreiðina til þriðja aðila og skömmu eftir söluna mun sjálfskipting hafa bilað. Hinn 7. júlí kvartaði álitsbeiðandi undan galla á sjálfskiptingunni við seljanda. Hinn 16. júlí endurgreiddi seljandi kaupverð sjálfskiptingarinnar, með fyrirvara um að það væri sér umfram skyldu. Í málinu er í annars vegar deilt um hvort umrædd sjálfskipting hafi verið haldin galla, hins vegar er deilt um hver skuli bera kostnað af ísetningu sjálfskiptingarinnar kr. 187.201, en seljandi hefur hafnað kröfum álitsbeiðanda um að bera þann kostnað. Þá er deilt um hvort álitsbeiðandi hafi borið fyrir sig gallann nægjanlega tímanlega.

Óháð yfirlýsingum seljenda um ábyrgð í lengri eða skemmri tíma, með þeim skilyrðum sem seljendur setja í þeim yfirlýsingum, skilafresti, eða annað, geta neytendur skv. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup kvartað undan galla á söluhlut innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í greininni, þ.e. eftir atvikum inna tveggja eða fimm ára skv. 2. mgr. 27. gr. Skv. 1. mgr. sömu greinar er það einnig skilyrði að neytendur beri fyrir sig galla án ástæðulauss dráttar frá því þeir urðu gallans varir. Sem fyrr segir eru lög nr. 48/2003, skv. 3. gr. laganna, ófrávíkjanleg og geta því yfirlýsingar seljanda um 10 daga skilafrest ekki haft nein áhrif á áðurnefnda tímafresti. Þá getur kærunefndin ekki fallist á að álitsbeiðandi hafi ekki kvartað undan galla við seljanda án ástæðulauss dráttar í skilningi 1. mgr. 27. gr. Í greininni kemur fram að frestur til að bera fyrir sig galla frá því að neytandi varð gallans var sé aldrei minni en tveir mánuðir. Þó liðið hafi rúmlega tveir mánuðir frá því álitsbeiðandi varð gallans var og þar til hann kvartaði undan gallanum við seljanda, telur kærunefndin það geti ekki falið það í sér að álitsbeiðandi hafi ekki kvartað innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Í málinu hefur álitsbeiðandi lagt fram staðfestingu frá Z um að bifreiðinni xx-000 hafi aðeins verið ekið 478 km. frá því sjálfskipting sú er deilt er um í málinu var sett í bifreiðina og þar til hún bilaði. Í sama gagni kemur fram að lokið var við ísetningu sjálfskiptingarinnar 4. mars. 2013. Bifreiðin var síðan seld 10. apríl og ekki hefur annað komið fram en að sjálfskiptingin hafi bilað eftir söluna.

Ekki hefur hins vegar komið fram hvenær nákvæmlega bilunin kom fram. Í ljósi þess hve stutt bifreiðinni var ekið eftir ísetningu sjálfskiptingarinnar og þar til hún bilaði, fellst kærunefndin á að sjálfskiptingin hafi verið haldin galla í skilningi 16. gr. smr. og 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur skv. 33. gr. laganna að fjárhæð kr. 187.201 er sú fjárhæð mun samsvara kostnaði álitsbeiðanda vegna ísetningar sjálfskiptingarinnar en álitsbeiðandi hefur þegar fengið kaupverð sjálfskiptingarinnar, kr. 300.000 endurgreitt. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi rétt á skaðabótum fyrir það tjón sem hann verður fyrir vegna galla á söluhlut samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 52. gr. laganna. Í 1. mgr. 52. segir m.a.:

„Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars sammingsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. [...]“

Samkvæmt greininni á álitsbeiðandi því rétt á skaðabótum vegna útgjalda sinna við að láta setja hina göllu sjálfskiptingu í bifreið sína, en þau útgjöld munu nema kr. 187.201. Fellst kærunefndin því á bótakröfu álitsbeiðanda. Í þessu samhengi vill kærunefndin benda á að fyrirvarar seljanda á reikningi fyrir kaupunum, m.a. um að seljandi bæti aldrei verkstæðiskostnað vegna viðgerða og/eða skipta á varahlutum, geta ekki komið í veg fyrir bótaskyldu seljanda í þeim tilvikum er kaup fara fram á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en skv. 3. gr. laganna er þau ófrávíkjanleg og því ekki heimilt að bera fyrir sig eða semja um kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af lögunum.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 187.201

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir